

Starfsreglur Málskotsnefndar HSÍ

1. gr. Skipun

Málskotsnefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ. Málskotsnefnd skal skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara, sem stjórn HSÍ tilnefnir. Skal að minnsta kosti einn þeirra vera reynslumikill fyrrverandi handknattleiksdómari og einn vera löglærður. Stjórn HSÍ tilnefnir formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

3. Hlutverk og verkefni

Málskotsnefnd skal fjalla um málefni sem kunna að eiga undir úrskurðar og ákvörðunarvald aganefndar HSÍ í þeim tilvikum sem um er að ræða meint alvarleg agabrot sem dómarar sáu ekki í leik og brugðust því ekki við, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

4. Tilkynning til málskotsnefndar

Til að nefndin geti tekið mál til meðferðar og ákvörðunar skal tilkynning um meint alvarlegt agabrot berast frá fulltrúum aðildarfélags sem meint brot beinist gegn.

Tilkynningar skulu berast innan 2 daga frá því að meint alvarlegt agabrot átti sér stað og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

5. Önnur málskot

Ef um er að ræða atvik um meint alvarlegt agabrot að leik loknum sem beinist að dómurum, eftirlitsaðilum eða öðrum er sinna framkvæmd keppnisleikja, getur dómaranefnd HSÍ beint málum með tilkynningu til málskotsnefndar HSÍ. Ef meint alvarlegt agabrot varðar brot á veðmálastarfsemi, brot á siðareglum eða öðrum sambærilegum reglum getur stjórn HSÍ beint málum með tilkynningu til málskotsnefndar.

Tilkynningar skv. 5. gr. skulu berast innan 2 daga frá því að meint alvarlegt agabrot kom fram og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

6. Tilkynningarform

Tilkynningum til nefndarinnar skulu berast á tilteknu formi/eyðublaði, sem aðgengilegt er á heimasíðu HSÍ, þar sem fram kom þær upplýsingar sem skulu að lágmarki vera til staðar svo nefndin geti tekið málið til meðferðar.

Tilkynningar skulu berast á netfang sem tilgreint er á tilkynningareyðublaði nefndarinnar.

7. Önnur störf

Málskotsnefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

8. gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

9. gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 23.september 2025.